

Jól í heimabyggð

Nú líður senn að jólum og eru margir í nærumhverfi okkar sem gætu þegið aðstoð þína við að halda gleðileg jól. Um er að ræða samstarfsverkefni Félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar, Lionsklúbbsins Sunnu og Samkaups Úrvals á Dalvík og langar okkur að biðla til ykkar íbúa Dalvíkurbyggðar um þátttöku sem felur í sér að færa jólagjöf undir jólatré sem verður staðsett í Samkaupi Úrval fram til 19. desember. Gjafirnar þarf að merkja viðtakanda, þ.e. fyrir hvaða aldur, strák eða stelpu (t.d. strákur 6 – 8 ára) eða jafnvel hvort um er að ræða gjöf handa fjölskyldu. Ekki erum við að biðja um dýrar jólagjafir, heldur gjafir sem munu gleðja viðtakanda, t.d. konfekt fyrir fjölskylduna, vettlinga, jólaskraut, heimabakaðar jólasmákökur o.s.frv. Mun svo Félagsþjónusta Dalvíkurbyggðar sjá um útteilingu gjafanna.



Sýnum í verki styrk okkar, hugulsemi um náungann og sjáum til þess að allir geti átt gleðileg jól. Við vonum að þú íbúi góður sjáir þér fært um að taka þátt í þessu fallega samstarfsverkefni okkar. Með fyrirfram þökkum og óskir um gleðileg jól.



Félagsþjónusta



Lionsklúbburinn Sunna



Samkaup Úrval, Dalvík